

Fimmtudaginn 19. maí 1994.

Nr. 113/1994.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Guðlaugi Kristmanns

(Ólafur Garðarson hrl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Ákæra. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Jónsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ákærði áfrýjaði málinu í heild sinni, og var því af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 4. mars 1994. Krefst ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Ákærði krefst aðallega frávísunar á málinu frá héraðsdómi, en til vara sýknu af ákæru.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Samkvæmt ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík 18. október 1993 er málið höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa ekið bifreiðinni RX-737 að kvöldi föstudagsins 30. október 1992 undir áhrifum áfengis frá nyrðri enda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Miðnesheiði . . . inn á Reykjanesbraut til norðurs og síðan að flugstöðinni norðan megin“. Saksókn í málinu er í reynd á því reist, að ákærði hafi tekist á hendur að stjórna bifreiðinni, meðan hún var dregin af annarri bifreið á leið norður og vestur af flugstöðvarbyggingunni, án þess að aflvél hennar væri í gangi, enda kemur skýrt fram í gögnum málsins, að ferð bifreiðarinnar hafi verið þann veg háttað. Verknaðarlýsing í ákæruskjali fullnægir þannig ekki þeim kröfum, sem gerðar eru í c-lið 1. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opínberra mála, sbr. 1. mgr. 117. gr. sömu laga, og er það aðfinnsluvert. Frágangur skjalsins er og athugaverður að því leyti, að tilvísanir til lagagreina voru leiðréttar með handritun. Þrátt fyrir annmarkann á efni ákærunnar er ekki næg ástæða til að vísa henni frá héraðsdómi, þar sem sýnt er, að ákærða duldist ekki, hvaða atferli væri á hann borið, og hefur vörn af hans hálfu ekki orðið áfátt þessa vegna.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, gerðust atvik málsins við komu ákærða og eiginkonu hans til Keflavíkurflugvallar úr ferð til útlanda, og höfðu þau geymt fyrrgreinda bifreið, er var eign eiginkonunnar, á almennu stæði vestan við flugstöðvarbygginguna, þar sem brottfararfarþegar koma að. Bifreiðin reyndist rafmagnslaus, og fengu þau samferðamann, er átti jeppabifreið á stæðinu, til að taka hana í tog, svo að henni yrði komið í gang. Í málinu hefur ekki verið leitt í ljós af nákvæmni, hvaða leið bifreiðin var dregin, en tveir lögreglumenn, er voru þarna á ferð í lögreglubifreið, kveðast hafa veitt henni athygli, þar sem verið var að draga hana norður frá flugstöðvarbyggingunni inn á Reykjanesbraut og þaðan til baka vestur fyrir umrætt bifreiðastæði eftir aðkomubraut inn að stæðinu. Virðist bifreiðin hafa verið stödd á móts við norðvesturhorn stæðisins, utan við grjótgarð, sem um það liggur, þegar drátturinn var stöðvaður vegna þess, að dráttartaugin hafði slitnað. Að sögn lögreglumannanna var bifreið þeirra þá um 150-200 m aftan við bifreið hjónanna. Segja þeir, að ákærði hafi þarna stigið út úr henni ökumanns megin og eiginkona hans síðan komið og sest undir stýri, en ákærði farið inn í bifreiðina hinum megin. Hafi bifreiðin eftir það verið dregin áfram inn á stæðið og þeir komið að henni, þegar drátturinn var stöðvaður þar, án þess að gangsetning hefði tekist. Þeir kveðast hafa séð það, áður en ákærði steig út, að þá hafi aðeins verið einn maður í bifreiðinni. Hins vegar hafi þeir ekki getað gert sér grein fyrir, hvaðan eða hvernig eiginkonu hans bar að.

Að sögn hjónanna var eiginkona ákærða við stjórn bifreiðarinnar, meðan hún var dregin, og sat ákærði við hlið hennar. Kveða þau ákærða einungis hafa fært sig undir stýri örstutta stund, þegar dráttartaugin slitnaði, til að sýna eiginkonunni betur gangsetningartökin. Ökumaður dráttarbifreiðarinnar skýrði einnig svo frá, að hjónin hefðu bæði verið í bifreið þeirra alla leiðina, sem farin var, en hann gat ekki fullyrt, hvort þeirra var undir stýri. Eftir uppsögu héraðsdóms hafa tveir aðrir samferðamenn hjónanna komið fyrir dóm og greint frá því, að þeir hafi séð eiginkonu ákærða undir stýri bifreiðarinnar í námunda við flugstöðvarbygginguna.

Í umrætt sinn var áliðið kvölds og veður þungbúið. Sakargiftir á hendur ákærða eru einkum á því reistar, að lögreglumenn þeir, er sáu eiginkonu hans setjast undir stýri, þegar bifreiðin hafði stöðvast

á leið að bifreiðastæðinu, hafi áður séð hann einan í bifreiðinni. Ekki er loku fyrir það skotið, að þeim hafi missýnst í því efni, einkum þar sem vandskýrt er, hvernig eiginkonan gat verið komin á vettvang, án þess að þeir sæju til ferða hennar. Er þá meðal annars til þess að líta, að bifreiðin var í nokkurri fjarlægð frá flugstöðvarbyggingunni og yfir grjótgarð að fara, ef komast átti stystu leið.

Samkvæmt þessu er ósannað, að ákærði hafi stjórnað eða reynt að stjórna bifreið eiginkonu sinnar, svo sem honum er gefið að sök, og ber að sýkna hann af öllum kröfum ákæruvaldsins. Jafnframt ber að fella sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, eins og nánar segir í dómsorði.

Það athugast, að óeðlilegur dráttur varð á meðferð málsins hjá lögreglu.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðlaugur Kristmanns, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Garðarssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar 1994.

Ár 1994, þriðjudaginn 15. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Allani Vagni Magnússyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, kveðinn upp dómur í málinu nr. 600/1993: Ákæruvaldið gegn Guðlaugi Kristmanns, sem dómtekið var 7. febrúar sl.

Mál þetta er höfðað með ákæru lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettri 18. október 1993, á hendur Guðlaugi Kristmanns, Grófinni 1, Reykjavík, kt. 280757-2849, „fyrir að hafa ekið bifreiðinni RX-737 að kvöldi föstudagsins 30. október 1992 undir áhrifum áfengis frá nyrðri enda Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar á Miðnesheiði við Keflavík í Gullbringusýslu inn á Reykjanesbraut til norðurs og síðan að flugstöðinni norðan megin.

Þetta telst varða við 1., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 25. og 26. gr. laga nr. 44/1993.“

Málavextir.

Föstudaginn 30. október 1992 komu ákærði og kona hans til Keflavíkurflugvallar frá útlöndum. Bifreið eiginkonunnar, sem er af Renault Cio-gerð, var á bílastæði við flugstöð Leifs Eiríkssonar og er hún hugðist gangsetja hana, var það ekki unnt, vegna þess að hún var rafmagnslaus. Ákærði gaf sig á tal við Óttar Arnar Halldórsson, sem hann er kunnugur, og leitaði eftir því, að hann aðstoðaði með því að draga Renault-bifreiðina.

Lögreglumennirnir Halldór R. Guðjónsson og Helgi P. Kristjánsson voru í lögreglubifreiðinni KN-406 og veittu Renault-bifreiðinni athygli, þar sem hún var dregin af bifreiðinni R-39411.

Vitnið Helgi P. Kristjánsson lögreglumaður fullyrti í skýrslu sinni hér fyrir dómi, að í Renault-bifreiðinni hefði einungis verið einn maður. Síðan hefði það gerst, að bifreiðarnar stöðvuðust, og virtist vitninu sem spottinn hefði slitnað. Út úr bílnum, sem dreginn var, kom maður, sem reyndist vera ákærði. Síðan fóru bílarnir aftur af stað, og var þá annar ökumaður kominn undir stýri bifreiðarinnar, sem reyndist vera eiginkona ákærða. Vitninu fannst þetta athugunarefni og hafði tal af ákærða, enda taldi vitnið að atvik bentu til þess, að ákærði hefði hugsanlega verið ölvaður. Nánar aðspurður sagði vitnið, að hann hefði séð konuna setjast undir stýri, og sagði nánar spurður, að áður hefði einn maður verið í bílnum, þ.e.a.s. ákærði. Vitnið kvað alveg skýrt, að kona ákærða hefði ekki setið í bílstjórasætinu, og reyndar hefði hann ekki séð annan í bílnum en ákærða. Vitnið kvaðst ekki gera sér grein fyrir, hvaðan eiginkona ákærða kom, en minnti, að það hefði borist í tal á vettvangi, að hún hefði beðið úti, enda hefði henni verið kalt. Vitnið segir að svæðið, sem atvik gerðust á, hafi verið upplýst og segir að rökkur hafi verið, en ekki myrkur.

Vitnið sagði það rétt að hann hefði ekki séð andlit ökumanns, en hins vegar hefði hann fylgst með allan tímann og fullyrti, að sá, sem hann sá í bílnum, hefði komið út úr honum, og sé það hinn sami og sat undir stýri, meðan verið var að draga. Hann kvaðst hafa séð bifreiðina allan tímann, sem verið var að draga hana, og hólar ekki skyggt á.

Vitnið Halldór Ósvaldur Guðjónsson lögreglumaður skýrði svo frá, að hann hefði séð einn mann í Renault-bifreiðinni, og síðar, er sú bifreið stöðvaðist, hefði einhver komið út, en vitnið kveðst ekki geta fullyrt, að það hafi verið ákærði. Var hann þá spurður um það, hvort fleiri en einn hefðu verið í bifreiðinni, sem verið var að draga, og svaraði vitnið því svo, að hann hefði ekki séð annað en það væri aðeins einn í bílnum. Aðspurður hvort hann hefði séð eiginkonu ákærða, sagðist hann ekki muna eftir henni fyrr en hún settist í bílstjórasætið, en ákærði var að eiga við spottann. Vitn-

ið sagði, að ágætislýsing væri á planinu í kringum flugstöðina. Vitnið minnir að myrkur hafi verið. Vitnið treystir sér ekki til þess að segja hversu langt hafi verið á milli lögreglubifreiðarinnar og bílsins, sem verið var að draga, en telur það geta verið 150–200 m. Vitnið segir, að þeir hafi fylgst með atvikum, allt þar til skipt hafi verið um bílstjóra.

Ákærði var fluttur á lögreglustöðina í Keflavík þar sem varðstjóri tók skýrslu af honum og tekið var blóð frá honum. Reyndist alkóhólmagn í blóði 1,47‰.

Ákærði kvaðst ekki hafa verið að aka en hafa verið að binda dráttartóg í bifreiðina RX-737 er lögreglumenn komu að þar sem hann var staddur.

Ákærði hefur neitað sakargiftum hér fyrir dómi svo og í lögregluskýrslu, sem tekin var af honum 2. mars 1993, og sagði það engan veginn rétt, sem greinir í ákæru. Hið rétta sé, að kona sín hafi setið undir stýri, þegar bíllinn var dreginn. Dráttartaugin hafi slitnað, og hafi ákærði þá sest undir stýri til þess að sýna konu sinni, hvernig standa ætti að verki. Ákærði sagðist hafa verið æstur og „pirraður“ yfir því, að illa gekk hjá henni að koma bílnum í gang. Ákærði kveðst hafa farið út úr bílnum, eftir að hann hafði sýnt konu sinni, hvað hún ætti að gera, og ætlað að hnýta endana saman, en spottinn hefði slitnað og lögreglan þá komið að. Ákærði sagði, að þau hjón hefðu bæði verið í bílnum allan tímann, sem verið var að draga, hún undir stýri, en hann við hlið henni. Þegar taugin slitnaði, voru þau u. þ. b. á þeim stað, sem lagt var upp frá. Ákærði kvað konu sína þá hafa setið í bílstjóraseti, en hann í farþegasæti. Hún hefði farið út úr bílnum, þegar taugin slitnaði, en hann fært sig í bílstjórasetið, sýnt henni, hvað átti að gera, en hún staðið fyrir utan bílinn. Eftir þetta reyndi ákærði að hnýta spottann aftur, en þá kom lögreglan, eins og áður greinir.

Vitnið Eva G. Kristmanns, eiginkona ákærða, er eigandi bifreiðarinnar RX-737. Hún sagðist hafa sest undir stýri og reynt að gangsetja, en bíllinn hefði verið algjörlega rafmagnslaus. Þegar búið var að fá jeppa til að kippa í bílinn, hefði hún reynt að „starta“, en bíllinn ekki farið í gang. Hún segir, að ákærði hafi setið hjá sér í farþegasætinu að framanverðu. Spottinn slitnaði, og tuðaði ákærði í vitninu sökum klaufaskapar hennar, og síðan ætlaði hann að reyna að sýna henni, hvað hún ætti að gera. Bíllinn var þá ekki í togi, og hefði ákærði sest í bílstjórasetið, en vitnið sagðist hafa farið út á meðan. Sem vitnið stóð fyrir utan bílinn, hefði ákærði sýnt henni, hvað hún átti að gera. Ákærði hefði síðan farið út úr bílnum til þess að binda kaðalinn undir bílinn, en hann hafði slitnað. Þá kom lögreglan og hafði afskipti af ákærða.

Vitnið Óttar Halldórsson sagði, að veður hefði verið leiðinlegt, kalt og

rok og jafnvel verið skafrenningur, en þorir þó ekki að fara með það. Hann hefði tekið Renault-bifreið í tog og hjón verið í bílnum. Vitnið sagðist ekki vita, hvort hjónanna sat undir stýri. Vitnið sagði, að ákærði hefði hnýtt spotta í Renaultinn, og heyrði vitnið hann síðan kalla, að óhætt væri að hefja dráttinn.

Niðurstaða.

Vitnin Helgi Þ. Kristjánsson og Halldór R. Guðjónsson lögreglumenn voru mjög staðfastir í þeirri frásögn sinni, að þeir hefði ekki misst sjónar á bifreiðinni RX-737, þar sem hún var dregin, og að aðeins einn maður hefði verið í bifreiðinni og það reynst ákærði, þegar að var komið.

Verður að telja sannað með framburði lögreglumannanna, að ákærði hafi setið undir stýri bifreiðarinnar RX-737, er hún var dregin í umrætt sinn, og með því gerst sekur um brot á l., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um brot, sem skipti máli við refsímat hér, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 35.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Samkvæmt 2. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. 26. gr. laga nr. 44/1993, ber að svipta ákærða ökurétti í 1 ár.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Garðarssonar hrl., 35.000,00 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðlaugur Kristmanns, greiði 35.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna.

Ákærði er sviptur ökurétti í 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Garðarssonar hrl., 35.000,00 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000,00 krónur.